

Ársskýrsla Fuglaverndar 2016

Lögð fram á aðalfundi í Reykjavík 18. apríl 2017

Stjórn starfsársins var kosin á aðalfundi í Rauða húsinu á Eyrarbakka þann 16. apríl 2016 og skipti hún með sér verkum á fyrsta stjórnarfundinum á þennan hátt:

Jóhann Óli Hilmarsson, formaður; Sindri Skúlason varaformaður; Ásgerður Einarsdóttir, ritari; Daníel Bergmann, gjaldkeri; Erpur Snær Hansen, Ólafur K. Nielsen og Gunnlaugur Júlíusson meðstjórnendur. Skoðunarmaður reikninga var valinn Sigfús Bjarnason og Gunnlaugur Pétursson til vara. Stjórnin hélt 5 fundi á árinu.

Árgjald var óbreytt á árinu: einstaklingsaðild 4.200 kr., fjölskylduaðild 5.200 kr. og ungliða- og ellilífeyrisþegaaðild 3.200 kr. Um áramót 2016/17 voru skráðir félagsmenn 1135 og er þá fjölskylduaðild tekin sem einn félagsmaður.

Rekstur

Skrifstofa

Skrifstofa er í eigin húsnæði að Hverfisgötu 105, húsnæði sem við keyptum fyrir arf Hjálmars R. Bárðarsonar.

Framkvæmdastjóri félagsins í fullu starfi er Hólmfríður Arnardóttir. Þann 1. desember tók til starfa markaðs- og samskiptafulltrúi í hálfu starfi, Dögg Matthíasdóttir. RSPB styrkir starf hennar.

Konunglega breska fuglaverndarfélagið, RSPB, Umhverfisráðuneytið, María Magnúsdóttir á Blönduósi, heiðursfélagi sem varð 100 ára í október og Kolbrún og Jóhannes á Rauðuskriðu¹ styrktu félagið og gerði því kleift að reka jafn öfluga starfsemi, sem raun ber vitni, sem og okkar ágætu félagar. Skil á árgjöldum voru góð eins og venjulega og eru þau betri hjá Fuglavernd en mörgum öðrum félögum.

Athugasemdir, kærur og ályktanir

Fuglavernd gerði athugasemdir við ný lög um náttúruvernd.

Við skoruðum á stjórnvöld í Grænlandi að hlífa stuttnefjunni, og fengum svar frá landsstjórninni. Veiðitíminn hefur verið stytur, en að öðru leiti voru hefðbundnar röksemdir bornar á borð, að það séu ekki bara veiðar sem valda fækkuninni, heldur hlýnandi loftslag. Þetta er gömul lumma, veiðarnar er sá affallapáttur sem við getum stjórnað.

Í október sendi Fuglavernd inn athugasemdir við matsáætlun vegna vindorkugarðs í Þykkvabæ og í nóvember athugasemdir við kynningardrög að aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030.

Í desember gerði Fuglavernd athugasemdir við frummatsskýrslu frá september 2016, um

¹ Hjónin Kolbrún og Jóhannes á Hótel Rauðuskriðu í Aðaldal hlutu verðlaun Sigríðar í Brattholti - náttúruverndarverðlaun fyrir umhverfisvæna ferðaþjónustu og ánöfnuðu þau félaginu verðlaunafénu - 100 þús.krónur.

mat á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar milli Bjarkarlundar og Skálaness í Reykhólahreppi.

Útgáfa og miðlun

Í október gaf Fuglavernd út ritið *Væri ég fuglinn frjáls*, kver um fyrstu skrefin í fuglaskoðun fyrir börn á öllum aldri. Útgáfan var styrkt af Barnavinafélaginu Sumargjöf, Náttúruverndarsjóði Pálma Jónssonar, Valitor, Landsbankanum og Umhverfisráðuneytinu. Lítið útgáfuhóf var haldið í desember á skrifstofunni. Eftir áramót 2017 var bókinni dreift til 5. bekkjar í öllum grunnskólum landsins, alls 170 skólum. Viðbrögð við gjöfinni voru frábær.

Útgáfa Fugla dróst fram yfir áramót og kom ellefta heftið út í febrúar 2017.

Fylgjendur fésbókarsíðunnar eru nú (á aðalfundi) 3747. Einnig er félagið með twitter aðgang þar sem fylgjendur eru 242 og Flickr síðu, bæði fyrir fuglamyndir og félagsstarfið.

Vefurinn okkar hefur fengið nýja ásýnd en enn er verið að bæta og auka umfang upplýsinga á honum.

Sala

Vísir að verslun er nú í anddyrinu á Hverfisgötunni. Við seljum núna fuglahús, bæði varpkassa og fóðurhús, sem eru smíðuð á Litla-Hrauni. Jafnframt fuglafóður og er hýðislaust sólblómafræ afar vinsælt. Einnig seljum við kort, barmmerki og aðra útgáfu félagsins, auk ýmiss annars varnings.

Friðlandið í Flóa

Fjöldi fólks heimsótti Friðlandið, jafnt Íslendingar sem útlendingar. Um vorið voru farnar hefðbundnar göngur með leiðsögn um helgar. Vatnsborðshæð var nú eðlileg annað árið í röð eftir tvö mjög blaut sumur, 2013 og 14. Nýtt upplýsingarskilti með upplýsingum um 26 helstu fugla í friðlandinu á íslensku og ensku var sett upp á skoðunarhúsið og annað eins bíður uppsetningar. Á Litla-Hrauni voru smíðaðar brýr, til að setja yfir skurði næst skoðunarhúsinu. Sveitarfélagið lagði 500.000 í púkkið.

Erlent samstarf

Náið samstarf var við Royal Society for the Protection of Birds (RSPB), eins og fram kom í kaflanum um rekstur. Aðaltengiliður okkar er Mark Day, en Lloyd Austin hjá Skotlandsdeildinni er tengiliður okkar við skotanna.

Framhald var á vöktun fuglameðafla í grásleppuveiði í samstarfi við RSPB í Skotlandi og BirdLife. Rory Crawford fór fyrir verkefninu eins og árið áður. Nú var farið í 31 ferð, og eins og árið áður voru átta fuglategundir skráðar, en þrjár þeirra, teista (sem var algengust), æðarfugl og dílaskarfur voru 90% af heildarfjöldanum bæði árin. Áframhald verður á rannsókninni árið 2017.

Í byrjun júní hýstum við fund á vegum BirdLife sem hafði það að markmiði að tilnefna verndarsvæði til Ospar samningsins: „The Convention for the Protection of the Marine Environment of the North-East Atlantic“. Hingað komu 13 erlendir sjófuglasérfræðingar sem ásamt nokkrum íslenskum gáfu vinnuna sína til að styðja við þetta verkefni.

Að frumkvæði RSPB var gerð tilraun til að vekja athygli Vestur-Íslendinga á starfsemi Fuglaverndar með því að taka þátt í árlegum fundi Þjóðræknisfélags Íslendinga, sem var haldinn í Vancouver í Kanada um mánaðamótin apríl-maí. Hólmfríður og Edward B. Rickson sóttu fundinn af hálfu félagsins. Edward hélt erindi um Ísland og íslenska fugla og svo var kynningarbás með ýmsum varningi. Viðtökurnar voru mjög góðar og munum við leitast við að

halda þeim tengslum sem við komum á þar og styrkja frekar.

Rúmenska náttúruverndarfélagið - Transylvanian Carpathia Society - óskaði eftir að fá að koma í heimsókn og skoða endurheimt votlendis á Íslandi og komu fulltrúar þeirra um miðjan apríl.

Sendinefnd frá AEWA (African-Eurasian Waterbird Agreement), alþjóðlegum samningi um verndun Afrísk-Evrasískra sjó- og vatnafugla, sem Ísland er aðili að, komu til landsins vegna kæru Fuglaverndar um stefnu eða réttara sagt, stefnuleysi íslenskra stjórnvalda í skógrækt. Í niðurstöðum nefndarinnar kom m.a. fram að Ísland væri næst mikilvægasta varpsvæði farfugla úr hópi vatnafugla (waterbirds) á Afrísk-Evrasíska svæðinu, á eftir Rússlandi. Það er ljóst að landið ber mjög mikilvæga stofna vatnafugla sem standa tæpt eða eru í hættu og hágæðavotlendi í talsverðum mæli. Landið er lykilsvæði fyrir marga varpfugla og viðkomu umferðarfugla tegunda sem samningurinn fjallar sérstaklega um. Það er þekkt frá öðrum löndum, að skógrækt í votlendisbúsvæðum getur valdið verulegum neikvæðum áhrifum á stofna vatnafugla. Þessar breytingar geta verið bæði bein (t.d. eyðilegging búsvæða) og óbeint (t.d. súrnun og jaðaráhrif).

Hólmfríður sótti einn fund erlendis á árinu, en var það vinnufundur á vegum Birdlife um verndum sjófugla, fundurinn var haldinn á Spáni og styrkti BirdLife ferðalagið.

Samstarf við Umhverfissráðuneytið

Formaður og framkvæmdastjóri áttu fund með Sigrúnu Magnúsdóttur, Umhverfissráðherra í febrúar. Ræddum við hana um skógrækt, vetrarfríðun gæsa, fríðun sjófugla, alfríðun teistu og villidýralögin.

Ráðuneytið styrkti starfsemi Fuglaverndar, eins og fram kemur í ársreikningum félagsins.

Annað innlent samstarf

Fuglavernd ásamt 19 öðrum samtökum skrifuðu undir viljayfirlýsingu um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi.

Hólmfríður sér um að finna og tilnefna fulltrúa frjálsra félagasamtaka fyrir hin ýmsu verkefni Umhverfissráðuneytis og -stofnunar. Dæmi um slíkt var að skipa fulltrúa í samráðsnefnd um sjálfbærar veiðar; í starfshóp sem hefur það hlutverk að gera tillögu að frumvarpi til að innleiða ákveðna tilskipun ESB um mat á áhrifum framkvæmda á umhverfið; fagrað um náttúruminjaskrár; nefnd um umhverfisviðurkenningu á degi umhverfisins 24. apríl; samstarfshóp um lagalegt umhverfi vindorku og svæðisráð rekstrarsvæðis eitt í Vatnajökulspjóðgarði.

Fundað var með Skotvís og Umhverfisstofnun um rjúpnaveiðar og áframhaldandi samstarf um að setja viðunandi veiðistjórnunarmarkmið.

Hópurinn *Vinir tjarnarinnar*, sem er samstarfsverkefni Fuglaverndar, Norræna hússins og borgarinnar, efndi til hreinsunardags í friðlandinu í Vatnsmýri 23. Apríl, fimmta árið í röð, um 20 manns mættu. Ólafur K. Nielsen fer fyrir hópnum.

Fuglavernd tók þátt í átaki um að hreinsa fjörur í Selvogi í lok ágúst með Bláa hernum og Bandaríska sendiráðinu í Reykjavík. Sendiráðið skaffaði rútu og veitingar en frá okkur mættu um 10 manns.

Félagið þátt í samstarfi með Orra Vigfússyni og Norður-Atlantshafs laxasjóðnum, vegna mikillar uppbyggingar í laxeldi og deildum við áhyggjum með sjóðnum vegna stærðar og umfangs eldisins. Formaður og framkvæmdastjóri hittu forseta Íslands í hádegisverði á Hótel Holti í tengslum við þetta samstarf þar sem okkur gafst tækifæri á að kynna félagið og hlaða forsetann gjöfum.

Þann 7. apríl vorum við með ljósmyndasýningu í sal Nýherja við Borgartún, í samvinnu við fyrirtækið, þar sem m.a. voru kynntar myndavélar og linsur, sem henta í fuglaljósmyndun. Þetta er í 4. sinn sem slíkur atburður er haldinn og hafa þeir ávallt verið vel sóttir. Halldór Jón Garðarsson hefur haft veg og vanda að þessum atburðum að hálfu Nýherja en Sindri Skúlason að hálfu Fuglaverndar.

IBA – Alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði

Skráin yfir mikilvæg fuglasvæði inniheldur nú upplýsingar um 99 íslensk svæði og eru þær flestar nýlegar, þó aðalhárherslan hafi verið á svæði sem ná að sjó, eða strandsvæði og fuglabjörg.

Sýningar, fyrirlestrar og viðburðir

Fræðslufundir

Tveir fræðslufundir voru haldnir á árinu: Ævar Petersen fjallaði um lóminn 18. apríl og Gunnlaugur Sigurjónsson hélt myndasýningu um fugla á Suður-Georgíu, Falklandseyjum og miðhluta Chile þann 18. maí.

Fuglaskoðun

Þann 30. apríl var fuglaskoðun í samvinnu við Grasagarðinn í Laugardal, Einar Ó. Þorleifsson og Hannes Þór Hafsteinsson sáu um leiðsögn og tóku tæplega 60 manns þátt. Aftur var vetrarfuglaganga í garðinum þann 11. desember og leiðbeindi Hannes, þá mættu 12. Fuglaskoðun í samvinnu við Skógræktarfélag Reykjavíkur var 23. maí, Hallgrímur Gunnarsson sá um leiðsögn. Í maí og júní voru farnar 4-5 helgargöngur í Friðlandinu í Flóa, meðal leiðsögumanna voru Alex Máni Guðríðarson, Elma Rún Benediktsdóttir, Jóhann Óli Hilmarsson og Örn Óskarsson. Loks var fuglaskoðun við Elliðavatn 30. sept. en Elma Rún Benediktsdóttir leiðsagði og mættu um 20 manns.

Garðfuglar

Garðfuglakönnun 2015-2016 hófst í október, en hún hefur staðið síðan árið 1994. Þátttakendur voru 25. Hún stendur allan veturinn, meðan garðfuglahelgi er skemmri viðburður. Henni var hrundið af stað veturinn 2004 og var nú haldin frá 29. janúar til 1. febrúar 2016. Þátttaka var góð, 156 þátttakendur töldu í 108 gördum. Ólafur Einarsson og Örn Óskarsson eru umsjónarmenn þessara viðburða en Ólafur hefur haldið utan um garðfuglakönnun frá upphafi og gerir að jafnaði grein fyrir niðurstöðum í Fuglum.

Annað

Þriggja daga fuglaljósmyndunarnámskeið var haldið í maí, 9 tóku þátt. Nokkrir hlupu í Reykjavíkumaraþoni í nafni félagsins og voru áheit á þá um 40.000 krónur. Hólmfríður kynnti félagið á morgunfundi á elliheimilinu Grund í byrjun desember.